

Reglur Júpíters rekstrarfélags hf. um hæfi lykilstarfsmanna

Samþykkt í ágúst 2016 / Áætluð yfirferð í ágúst 2017 / Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastjóri

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar varða hæfi lykilstarfsmanna Júpíters rekstrarfélags hf. („JR“) og eru settar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (*Iff.*).
- 1.2. JR gerir ríkar kröfur til hæfis og heilinda starfsmanna félagsins, jafnt trúverðugleika sem og faglegrar hæfni þeirra. Markmið reglnanna er að viðhalda trausti hlutdeildarskírteinishafa og annarra viðskiptavina, efla trúverðugleika félagsins og draga úr hugsanlegrí rekstar- og orðsporsahættu í rekstri félagsins vegna starfa lykilstarfsmanna.

2. Skilgreiningar

- 2.1. Lykilstarfsmaður er einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvároðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu JR, sbr. 8. tl. 1. mgr. 1. gr. *Iff.*
- 2.2. Stjórn JR metur á hverjum tíma hvaða starfsmenn teljast vera lykilstarfsmenn.
- 2.3. Regluvörður skal halda skrá yfir lykilstarfsmenn á hverjum tíma.

3. Almenn hæfisskilyrði lykilstarfsmanna

3.1. Lykilstarfsmaður JR skal uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:


- 3.1.1. Hann skal vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og má á ekki hafa verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.
- 3.1.2. Hann skal vera búsettur hér á landi.
- 3.1.3. Hann skal vera fjárhagslega sjálfstæður.
- 3.1.4. Hann má ekki á síðustu tíu árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl, eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
- 3.1.5. Hann skal búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.
- 3.1.6. Hann má ekki taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess. Slík þátttaka í atvinnurekstri má þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunárekstrum eða skaða orðspor JR.

- 3.1.7. Hann má ekki gegna öðrum launuðum störfum nema að fengnu leyfi stjórnar. Slík störf mega þó ekki vera til bess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor JR.
- 3.2. Lykilstarfsmaður má ekki taka þátt í meðferð móls, undirbúningi eða úrlausn þess, ef hann sjálfur, venslamenn hans eða félag í hans eigu, eiga sérstakra og verulegra hagmsuna að gæta.
- 3.3. Ef lykilstarfsmaður hefur umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. lff., t.d. stýrir sjóði eða sjóðsdeild í rekstri JR, skal hann vera hæfur til þess á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu.
- 4. Framkvæmd hæfismats**
- 4.1. Framkvæmdastjóri framkvæmir mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast til lykilstarfsmanna. Stjórn JR getur falið utanaðkomandi aðila framkvæmd hæfismatsins.
- 4.2. Við framkvæmd hæfismats skal staðreyna hvort almennum hæfisskilyrðum, sbr. 2. gr., sé fullnægt. Jafnframt skal framkvæma mat á þekkingu lykilstarfsmanns, sem felur í sér eftirfarandi:
- 4.2.1. Meta skal þekkingu lykilstarfsmanns á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi JR gilda og þeim sérlögum sem gilda um starfssvið lykilstarfsmanns.
- 4.2.2. Lykilstarfsmaður skal kunna skil á þeim grundvallaratriðum í starfsemi JR sem varða starfsskyldur hans.
- 4.3. Stjórn JR skal staðfesta hvaða efnisatriði skal leggja til grundvallar við þekkingarhluta matsins.
- 4.4. Við hæfismatið skal hafa hliðsjón af hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu JR vegna starfa viðkomandi lykilstarfsmanns.
- 4.5. Mat á hæfi lykilstarfsmanns sem er í starfi við gildistöku reglnanna skal fara fram innan fjögurra mánaða frá gildistöku þeirra. Verði starfsmaður fluttur til í starfi, skal framkvæma nýtt hæfismat innan þriggja mánaða, teljist störfin ekki sambærileg og starfsmaður telst áfram vera í stöðu lykilstarfsmanns.
- 4.6. Meta skal hvort lykilstarfsmaður, sem ætlunin er að ráða til starfa eftir gildistöku reglnanna, fullnægi almennum hæfisskilyrðum, sbr. 2. gr., áður en gengið er frá ráðningu hans. Þekkingarhluti matsins skal fara fram ekki síðar en þremur mánuðum eftir að hann tekur við starfi.
- 4.7. Lykilstarfsmanni sem stenst ekki þekkingarhluta hæfismatsins gefst kostur á að taka þann hluta upp aftur innan þriggja mánaða.



- 4.8. Uppfylli lykilstarfsmaður ekki hæfisskilyrðin, eða leiki af öðrum ástæðum vafi á að æskilegt sé að hann gegni lykilstarfi, skal stjórn JR, að fengnu áliti framkvæmdastjóra, meta hvort viðkomandi lykilstarfsmaður eigi að gegna lykilstarfi í þágu JR.
5. **Upplýsinga- og tilkynningarskylda lykilstarfsmanns**
- 5.1. Lykilstarfsmanni ber að gefa réttar upplýsingar um þau atriði sem kanna þarf við framkvæmd hæfismats. Lykilstarfsmaður skal upplýsa framkvæmdastjóra tafarlaust um hverjar þær breytingar sem verða á högum hans, sem kunna að leiða til endurskoðunar á hæfismati.
- 5.2. Lykilstarfsmanni er skylt að tilkynna framkvæmdastjóra JR ef sú staða kemur upp að hann fái réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamaðraði. Fái lykilstarfsmaður slíka stöðu skal stjórn JR, að fengnu áliti framkvæmdastjóra, meta hvort viðkomandi lykilstarfsmaður eigi að víkja tímabundið úr stöðu sinni á meðan rannsókn málsins stendur yfir.
- 5.3. Við mat á hæfi lykilstarfsmanns áskilur JR sér rétt til að kalla eftir öllum þeim gögnum sem framkvæmdastjóri telur nauðsynleg, þ.m.t. sak- og veðbókarvottorð. Gæta skal öryggis og trúnaðar við varðveislu slíkra gagna.
6. **Viðurlög**
- 6.1. Gefi lykilstarfsmaður rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við hæfismat sem gert er á grundvelli reglnanna getur það varðað áminningu eða uppsögn úr starfi.
7. **Birting**
- 7.1. Reglurnar skal birta á heimasíðu JR.
8. **Breytingar**
- 8.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn hefur samþykkt þær. Við samþykkt þessara reglna falla úr gildi eldri reglur sama efnis frá 22. janúar 2015.

Samþykkt af stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. þann 12. ágúst 2016



Viðauki 1 - Yfirlýsing starfsmanns

Á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna ber Júpíter rekstrarfélagi hf. (Júpíter) að setja reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Á grundvelli reglnanna ber Júpíter að framkvæma mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast vera lykilstarfsmenn félagsins. Hæfisskilyrðin fela m.a. í sér að lykilstarfsmaður sé lögráða, hann sé fjárhagslega sjálfstæður og að hann hafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.

Til þess að Júpíter geti sannreynt að þessum skilyrðum sé fullnægt þarf viðkomandi starfsmaður að staðfesta með undirritun sinni að hann sé lögráða. Eins þarf starfsmaður að veita Júpíter heimild til að fletta starfsmanni m.a. upp í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. til að meta fjárhagslegt sjálfstæði og kanna hvort hann hafi verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.

Ég undirrituð/aður lýsi hér með yfir og staðfesti með undirskrift minni að ég er lögráða, sbr. skilgreiningu lögræðislaga nr. 71/1997. Jafnframt veiti ég Júpíter heimild til að fletta kennitölu minni upp í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. Auk þess lýsi ég því hér með yfir að ég hef gefið réttar upplýsingar um þau atriði sem kanna þarf við framkvæmd hæfismats míns. Ég mun upplýsa framkvæmdastjóra Júpíters tafarlaust um hverjar þær breytingar sem verða á högum mínum sem kunna að leiða til endurskoðunar á hæfismati. Að lokum staðfesti ég að mér er kunnugt um að mér sé skylt að tilkynna framkvæmdastjóra ef sú staða kemur upp að ég fái réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamaðra.

Nafn

Kennitala

Staður og dagsetning

Vottar:



Viðauki 2 – umboð til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins

Á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna ber Júpíter rekstrarfélagi hf. (Júpíter) að setja reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Á grundvelli reglnanna ber Júpíter að framkvæma mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast vera lykilstarfsmenn félagsins. Hæfisskilyrðin fela m.a. í sér að lykilstarfsmaður hafi óflekað mannorð og hafi ekki á síðustu tíu árum fengið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur, samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl., eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Til þess að Júpíter geti sannreynt að þessum skilyrðum sé fullnægt þarf að kalla eftir upplýsingum um viðkomandi starfsmann hjá Sakaskrá ríkisins. Júpíter fær eingöngu slikar upplýsingar á grundvelli umboðs starfsmanns og er því óskað eftir að starfsmaður fylli út upplýsingarnar hér fyrir neðan.

Umboð til Júpíters rekstrarfélags hf. til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins.

Ég undirrituð/aður veiti hér með Júpíter rekstrarfélagi hf. umboð til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins um hvort ég hafi hlotið dóm á síðustu tíu árum.

Nafn

Kennitala

Staður og dagsetning

Vottar:

